

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og lögum um hlutafélög,  
nr. 2/1995, með síðari breytingum (aukinn aðgangur  
að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá).

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Helgi Hrafn Gunnarsson,  
Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

### 1. gr.

Við 2. mgr. 127. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, bætist nýr málslíður, svohljóðandi:  
Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir rafræna uppflettingu í skránni og skulu allar upplýsingar  
birtast í rafrænni uppflettingu.

### 2. gr.

Við 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, bætist nýr málslíður, svohljóðandi:  
Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir rafræna uppflettingu í skránni og skulu allar upplýsingar  
birtast í rafrænni uppflettingu.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 147. löggjafarþingi (13. mál) en komst ekki til umræðu.

Með frumvarpinu er lagt til að upplýsingar ársreikningaskrár og hluthafaskrár verði að-  
gengilegri fyrir almenning. Lagt er til að ekki skuli taka gjald fyrir rafræna uppflettingu í  
skrár þessum og að sömu upplýsingar skuli vera aðgengilegar þar og ef greitt væri fyrir ein-  
tak af gögnum úr skránni. Þessar upplýsingar geta ekki talist aðgengilegar almenningi miðað  
við núverandi löggjöf þar sem greiða þarf fyrir þær.

Frumvarp til laga sambærilegt þessu er varðaði aukinn aðgang að fyrirtækjaskrá var sam-  
þykkt á Alþingi á 146. löggjafarþingi og varð að lögum nr. 64/2017. Fólu lögin í sér að veita  
almenningi aðgang að fyrirtækjaskrá án gjaldtöku. Hér er lagt til að gögn sem tengist þeim  
sem er að finna í fyrirtækjaskrá verði gerð aðgengileg á sama hátt.